

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarbyggð.

Deiliskipulag lóða nr. 36-38 við Borgarbraut í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 7. júlí 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Galtarholt II, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. júlí 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Skólar 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 7. apríl 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Bakkagerði 1 á Reyðarfirði.

Breytingin felst í að:

1. Lóð íþróttahúss er stækkuð til norðurs og lóð grunnskóla minnkuð sem því nemur, en hún er jafnframt stækkuð til austurs.
2. Legu og stærð byggingarreits fyrir íþróttahús er breytt.
3. Melgerði er hliðrað til austurs við íþróttahúslóð.
4. Bifreiðastæðum er fjölgað og þau löguð að breyttri legu íþróttahúss.
5. Lóð íþróttahúss lækkar og aðkoma verður á tveim stöðum frá suðri.
6. Ákvæði í skilmálum um mænishæð íþróttahúss er breytt úr 12 m í 16 m; jafnframt er gólfkóti lækkaður til mótvægis.

Uppdráttur ásamt nýjum skipulags- og byggingarskilmálum hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir allir eldri uppdrættir sem og skipulags- og byggingarskilmálar.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 4. júlí 2005.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastánólum og/eða jurtastánólestrum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 frá 31. mars 2004 um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastánólum og/eða jurtastánólestrum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163 frá 3. desember 2004 og var birt í EES-viðbættum 26. maí 2005.

Framangreind EB-gerð er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum samanber og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, samanber og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 1. júlí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Kristín L. Árnadóttir.